

ÍS 47 ehf
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

31. október 2025
UOS2501482/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. september 2025 – ID 215

Þann 10. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í ÍS 47 ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra gæðahandbókina í takt við eldi á laxfiskum.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1.maí 2025, því var skilað 10. september 2025 og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, því var skilað inn 10. september 2025 og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi skilað með ófullnægjandi upplýsingum.
4. Reglugerð nr. 990, viðauki I, 7b. Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 10. september 2025 og er frávikinu því lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits